

**HRINGVEGUR**  
**Um Þvottár- og Hvalnesskriður**  
Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri september 2007

# EFNISYFIRLIT

<b>1.</b>	<b>YFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	TILGANGUR FRAMKVÆMDARINNAR.....	2
1.3	RANNSÓKNIR.....	2
1.4	NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	2
1.5	LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR.....	2
<b>2.</b>	<b>FRAMKVÆMDARLÝSING</b> .....	<b>3</b>
2.1	NÚVERANDI VEGUR.....	3
2.2	ENDURBYGGÐUR VEGUR.....	3
<b>3.</b>	<b>HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF</b> .....	<b>5</b>
<b>4.</b>	<b>FRÁGANGUR</b> .....	<b>6</b>

# 1. YFIRLIT

## 1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að endurbæta 4,2 km langan vegarkafla á Hringvegi, vagnúmer 1, um Pvottár- og Hvalnesskriður í Djúpavogshreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði, Suður-Múlasýslu.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2007 og á þeim að vera lokið fyrir 1. september 2008. Útlögn klæðingar skal þó að fullu lokið 1. júlí 2008.

Framkvæmdinni verður ekki áfangaskipt.

Veglína helst að mestu óbreytt og er framkvæmdin að mestu leyti innan núverandi vegstæðis.

Framkvæmdin telst hvorki matskyld né tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar bætt umferðaröryggi vegfarenda.

## 1.2 TILGANGUR FRAMKVÆMDARINNAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er liður í að bæta vegasamgöngur á Hringvegi, milli Austur- og Suðurlands. Markmiðið með lagfæringu vegarins er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi vegfarenda og að tryggja greiðari samgöngur á svæðinu uns jarðgöng verða gerð undir Lónsheiði og fjárveitin fæst til þeirra framkvæmda.

## 1.3 RANNSÓKNIR

Nokkrar rannsóknir hafa farið fram á eiginleikum jarðfna á svæðinu. Ekki er talin þörf á frekari rannsóknum á framkvæmdasvæðinu og nágrenni þess.

## 1.4 NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Engar náttúruminjar á Náttúruminjaskrá eru á framkvæmdasvæðinu.

## 1.5 LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð hefur verið haft við landeigendur og leigutaka Selár vegna efnistöku.

Framkvæmdaleyfi frá Djúpavogshreppi og sveitarfélaginu Hornafirði liggur fyrir.

Veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar hefur veitt leyfi til efnistöku úr áreyrum Selár í Álftafirði.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

Á framkvæmdatíma verður haft samráð við Framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar á svæðinu vegna efnistöku og frágangs.

## 2. FRAMKVÆMDARLÝSING

### 2.1 NÚVERANDI VEGUR

Núverandi vegur um Þvottár- og Hvalnesskriður er stofnvegur í vegtegund C2. Vegurinn er malarvegur og liggur um skriður, beggja vegna Mælifellsdals sem er um 1 km jafnslétta. Þvottárskriður eru norðan Mælifellsdals en Hvalnesskriður sunnan hans. Í Mælifellsdal er björgunarskýli, staðsett skammt norðan Dalsár.

Skriðurnar ná víða upp í 4-500 m y.s. Þær eru mjög óstöðugar og því oft hrun á veginn. Það eru mun meiri skriðuföll í Hvalnesskriðum en Þvottárskriðum og stærra grjót sem fellur þar niður á veg. Hrun hefur ágerst undanfarin ár sökum tíðra skipta milli frosts og þíðu. Meginhluti hrunsins eru smásteinar, minni en 10-15 sm, en stöku stórir steinar falla annað veifið. Þetta skapar stöðuga hættu og er kostnaðarsamt því hreinsa þarf veginn flesta daga. Vegurinn í skriðunum er í um 40-60 m y.s.



**Mynd 1.** Hvalness og Þvottárskriður

Engin stór vatnsop eru á kaflanum.

Meðalumferð á þessum kafla árið 2006 var 230 bílar á dag. Framreiknuð umferð árið 2026, 20 árum seinna, er 417 bílar á dag, sé miðað við háspá.

### 2.2 ENDURBYGGÐUR VEGUR

Endurbyggður vegur er 4,2 km langur og liggur frá slitlagsenda (st. 600) norðan við Þvottárskriður, suður að Krossanesi (st. 4.800) sunnan Hvalnesskriða. Vegurinn verður lagður samkvæmt vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur með 6,3 m breiðri akbraut og bundnu slitlagi. Malaraxlir verða 0,1 m. Slitlag verður breikkað í beygjum þar sem radius er 400 m eða minni. Þá verða axlir breikkaðar þar sem sett verða vegrið eða grjótkassar.

Bitavegríð verða sett meðfram veginum sjávarmegin í skriðunum, samtals 2860 m. Þá verða grjótkassar settir fjallsmegin meðfram veginum, til að varna grjóthruni inn á veg. Alls verða settir 430 grjótkassar á 860 m löngum kafla.

Ræsi verða sett þar sem við á, í stöðvum 2310, 2493, 2635 og 4780.

Veglínan helst að mestu óbreytt og er framkvæmdin innan núverandi vegsvæðis

Áætluð efnispörf í fyllingar og fláafleyga, neðra- og efra burðarlag er um 67.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir um 27.000 m<sup>2</sup> í tvöfalda klæðingu. Búist er við að allt skeringarefni sé nýtanlegt í fyllingar, fláafleyga og neðra burðarlag. Efni í efra burðarlag og klæðingu verður tekið úr áreyrum Selár í Álftafirði. Fjarlægð frá brú á Selá að stöð 600 er um 6,44 km.

### 3. HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF

Vegagerðin reyndi að meta hvort líklegt væri að lagfæring vegarins um Þvottár- og Hvalnesskriður myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem um er að ræða tiltölulega umfangslitla framkvæmd og efnistaka er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg.

Hér á eftir eru taldir upp helstu umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

#### **Áhrif á mannlíf**

Vegfarendur um vegarkaflann munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri samgangna. Þá er reiknað er með að framkvæmdin skapi nokkur störf á svæðinu.

#### **Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun**

Á framkvæmdartíma mun umferð um svæðið raskast vegna umferðar þungra vinnuvéla. Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari en nú og með bundnu slitlagi mun loftmengun minnka til muna.

#### **Áhrif á landslag og landnotkun**

Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á landslag svæðisins né landnotkun. Engar lagnir eru á umræddum kafla.

#### **Áhrif á gróðurfar og fugla**

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Í skriðunum er nánast engin gróður og landinu sem raskað verður við framkvæmdina hefur áður verið raskað vegna vegagerðar

Meðan á framkvæmdum stendur getur hún haft tímabundin áhrif á fugla. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

#### **Áhrif á menningarminjar**

Ný veglína er alls staðar byggð á núverandi vegi og því hefur ekki verið gerð úttekt á minjum við vegsvæðið.

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

## **4. FRÁGANGUR**

Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið og verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verk tíma nema að námum.

Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr námum sem notað verður til vegagerðar.

# TEIKNINGAR

Teikning 1. Vegagerðin, (2007): Yfirlitsmynd

Teikning 2. Vegagerðin, (2007): Kennisnið